

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

28. ágúst 2023,
16. fundur heilbrigðisnefndar, fundargerð.

Mánudaginn 28. ágúst 2023 fór fram 16. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30. Eftirtaldir aðalmenn voru boðaðir til fundarins, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson og Gnýr Guðmundsson. Ingibjörg Hauksdóttir boðaði forföll. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig á fundinum, Hörður Þorsteinsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir og Ríkharður F. Friðriksson.

1. Skipulagsmál

1.1. *Álhella 1, fyrirspurn um matsskyldu á framkvæmdum við Álhellu 1 í Hafnarfirði.*

Lögð fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 6. júní 2023 þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðisnefndar á matskyldu framkvæmda við gerð endurvinnslustöðvar að Álhellu 1 í Hafnarfirði. Samkvæmt 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 fellur starfsemin undir liði 11.07 og 11.12 í viðauka 1 við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og flokkast með B flokki.

Hringrás sérhæfir sig í söfnun, vinnslu og útflutningi á brotamálmum og hjólbörðum og áformar félagið að flytja starfsemi sína úr Sundahöfn og að Álhellu 1. Fyrirhuguð starfsemi verður á lóð sem áður hýsti varaafstöð Landsvirkjunar fyrir álverið í Straumsvík. Áætlanir eru um að stækka lóðina og er unnið að breytingum á deiliskipulagi. Starfsemi Hringrásar ehf. að Álhellu 1 er háð starfsleyfi sem Umhverfisstofnun veitir samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir líkt og tilgreint er í kafla 1.2. m.t.t. magns málmúrgangs sem þar verður unnið með. Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir flutninga á spilliefnum.

Bókun:

Heilbrigðiseftirlitið skilaði umsögn til Skipulagsstofnunar 15. ágúst s.l. þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin þyrfti í mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021 umhverfismat framkvæmda.

Í umsögn heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að gera þurfi nánari grein fyrir ferli varðandi hreinsunar spilliefna úr bifreiðum m.t.t. reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja og gera þurfi grein fyrir áformuðu magni, geymslu og meðhöndlun spilliefna, eldsneytis og olíu sem fellur til við úrvinnslu bifreiða.

Gera þarf ítarlegri hljóðvistarskýrslu um starfsemina og meta möguleg áhrif hávaða af starfseminni á nærliggjandi þéttbýlisvæði og íbúðabyggð.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að gera þurfi allar þær ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun þegar skólp og önnur fljótandi óhreinindi eða yfirborðsvatn er leitt á brott og óskar eftir að frekari grein verði gerð fastefna- og olíugildrum sem áformað er að koma upp.

Vakin er athygli á að áform félagsins um að flytja út um 30.000 tonn árlega og allt að 10.000 tonn á ári af böggðu efni megi ætla að starfsemin hafi umtalsverð umhverfisáhrif á nærliggjandi umhverfi mt.t. loftmengunar, en stóraukin umferð þungaflutninga mun verða í gegnum Hafnarfjörð.

Heilbrigðiseftirlitið starfrækir loftgæðamælistöð að Norðurhelli og eins hafa verið gerðar þungmálmamælingar á svífryki við Íshellu. Niðurstaða mælinga eru að málmar finnast almennt ekki í miklu magni í andrúmslofti á svæðinu og ekki yfir viðmiðunarmörkum fyrir tiltekna málma, en með tilkomu eins umfangsmikillar vinnslu og Hringrás ehf. áformar má leiða líkum að auknu álagi á loftgæði og huga þurfi að frekari umhverfismótun.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

1.2. Breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna aðstöðu og aðkomu að Straumsvíkurhöfn auk umferðaskipulags, breytinga á deiliskipulagi Straumsvíkurhafnar, iðnaðarlóða og uppbyggingarheimilda á svæðinu.

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Hafnarfirði þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 2013-2025 sem snúa að skipulagsmálum tengdum Straumsvík. Um er að ræða breytingar þar sem unnið er að því að bæta hafnaraðstöðu í Straumsvíkurhöfn, bæta tengingar milli Straumsvíkurhafnar og iðnaðarsvæða sunnan Reykjanesbrautar og almennt bæta umferðaskipulag við Kapelluhraun.

Þá er viðfangsefni deiliskipulagsins að sníða ramma utan um iðnaðarhverfið í samræmi við breyttar áherslur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um þær breytingar sem boðaðar eru á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar og þeim breytingum sem gerðar eru á deiliskipulagi einstakra svæða í tengslum við aðalskipulagsbreytinguna.

Heilbrigðisnefnd vekur þó athygli á að megin krafa í hreinsun á skólpi er að fráveituvatn skuli hreinsað með tveggja þrepa hreinsun, en í dag eru veittar undanþágur þar sem viðtaki hefur verið skilgreindur síður viðkvæmur eins og í tilfelli fráveitu Hafnarfjarðar. Mikilvægt er að í framtíðaráætlun sveitarfélagsins í fráveitumálum komi fram í deiliskipulagi í samræmi við lög um uppbyggingu á safnkerfi fráveitu og hreinsivirki þar sem þess er þörf. Í nýju skipulagi Álversins í Straumsvík – Landfylling og nýr aðkomuvegur, er gert ráð fyrir breytingu á aðkomu að Straumsvíkurhöfn sem þrengir verulega að hreinsistöðinni við Hraunavík. Mikilvægt er að huga að framtíðaráætlunum í fráveitumálum við Hraunavíkurstöðinni og að hægt verði að stækka stöðina í samræmi við þróun íbúafjölda og auknar kröfur til fráveitumála.

Varðandi tillögu að deiliskipulagi vegna breikkunar Reykjanesbrautar þá hefur heilbrigðisnefnd komið að ábendingum um að mikilvægt sé að framkvæmdir séu með þeim hætti að ekki verði raskað við hrauntjörnum sem eru á svæðinu. Sama gildir um landfyllinguna í Straumsvík og efnistöku í Rauðamelsnámmum. Umhverfi tjarnanna á svæðinu eru viðkvæmar fyrir raski og njóta þær verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Því er mikilvægt að farið verði í mótvægisáðgerðir til að takmarka áhrif framkvæmda á tjarnirnar og gerð verði viðbragðsáætlun sem tryggir að lífríki tjarnanna verði ekki fyrir skaða.

Heilbrigðiseftirlitið hefur heimilað tilraunaborholur á iðnaðarsvæðinu þar sem verið er að rannsaka grunnvatnsstrauma og berglög á svæðinu. Fyrirhugaðar framkvæmdir við niðurdælingu á CO₂ er hluti af stærri framkvæmd sem teygir sig frá Straumsvíkurhöfn suður á iðnaðarsvæðið við Kaphelluhraun. Sú framkvæmd er háð umhverfismati framkvæmda. Í umhverfismati framkvæmdarinnar verður m.a. fjallað um vatnsnotkun, áhrif niðurdælingarinnar á berggrunn og fleiri umhverfisþætti sem sú framkvæmd gæti haft áhrif á. Heilbrigðisnefnd áskilur sér rétt til athugasemda og ábendinga um þær framkvæmdir þegar umhverfismat framkvæmdanna liggur fyrir og gerð hefur verið nánari lýsing varðandi borholur og niðurdælingu og áhrif þeirra á vatnfar, umhverfi og aðra þá þætti sem framkvæmdin hefur áhrif á.

2. Önnur mál

2.1. Úrskurður matvælaráðherra vegna sölustöðvunar hjá Samkaupum.

Lagður fram úrskurður matvælaráðherra á kæru Samkaupa hf. þar sem kærð var ákvörðun HEF frá 26. ágúst 2022 um sölustöðvun á Cocoa Puffs og Lucky Charms morgunkorni í verslunum kæranda. Kærð var sú ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins að stöðva dreifingu á Cocoa Puffs og Lucky Charms morgunkorni í öllum verslunum fyrirtækisins á svæðinu og að vörurnar yrði ekki í dreifingu eftir 10. ágúst 2022.

Samkaup hf. byggði kæru sína á að HEF hafi ekki gætt að rannsóknarskyldu sinni skv. 10. gr. stjórnsýslulaga áður en eftirlitið tók ákvörðun um að stöðva sölu á morgunkorninu í verslunum þeirra. Þá bendir kærandi á að af ákvörðun HEF megi ráða að yfirlýsing framleiðanda sé eina gagnið sem HEF byggir á í málinu og að HEF hafi með því að láta undir höfuð leggjast að afla frekari gagna og brotið þannig gegn rannsóknarreglu 10 gr. stjórnsýslulaga.

Í úrskurði ráðherra kemur fram að stjórnandi matvælafyrirtækis sem ber ábyrgð á því að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna sem gilda um starfsemi þess á hverjum tíma, sbr. 8. gr. b. í matvælalögum. Því er það á ábyrgð kæranda að sjá til þess að vörurnar uppfylli ákvæði laga og stjórnvaldsreglna sem um hana gilda. Matvælalöggjöfin leggur ekki skyldu á herðar eftirlitsaðila að rannsaka hvort matvæli uppfylli lög og stjórnvaldsfyrirmæli heldur er sú skylda lögð á stjórnanda matvælafyrirtækis. Það leysi þó eftirlitsaðila, við beitingu íþyngjandi þvingunarúrræða, ekki undan þeirri skyldu að rannsaka mál áður en ákvörðun er tekin sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga. Þannig hafi stjórnvaldi (HEF) borið að leiðbeina aðila máls um öflun umbeðinna gagna og hefði getað leiðbeint kæranda um öflun upplýsinga frá framleiðanda morgunkornsins áður en íþyngjandi ákvörðun var tekin í málinu.

Úrskurðarorð ráðherra eru því, að felld er úr gildi ákvörðun HEF um sölustöðvun á morgunkorninu Cocoa Puffs og Lucky Charms dags. 26.ágúst 2022 og HEF falið að taka málið aftur til meðferðar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að hlutast til um að taka málið aftur til meðferðar með hliðsjón af úrskurðarorðum ráðherra.

2.2. Ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar á Costco.

SKLr http
B!
B!

Umhverfisstofnun hefur lagt stjórnvalds sekt á Costco vegna brota á ákvæðum um mengunarvarnir sem urðu þegar rúmlega 110 þúsund lítrar af díselolíu láku í fráveitukerfi Hafnarfjarðar í desember 2022. Umhverfisstofnun telur að verulega hafi skort á frumkvæði, vöktun og viðbrögð af hálfu rekstraraðila vegna ofangreinds olíuleka.

Telur stofnunin að stjórnvalds sekt sé eina úrræði sem hægt er að beita í máli þessi og lítur svo á að heilbrigðiseftirlitið nái ekki því markmiði sem að er stefnt með því að beita vægara þvingunarúrræði úr XVII. kafla laga nr. 7/1998. Umtalsvert magn af olíu hefur þegar runnið út í umhverfið og verður ekki endurheimt.

Við ákvörðun á fjárhæð sektar ber að líta til m.a. alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot sé um að ræða. Í ljósi alvarleika brotsins og skorti á árvekni hefur Umhverfisstofnun því lagt á fyrirtækið stjórnvalds sekt að fjárhæð kr. 20.000.000 kr. vegna brota á ákvæðum um mengunarvarnir sbr. 8. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd hefur kynnt sér úrskurð Umhverfisstofnunar og gerir ekki athugasemdir við hann.


Linda Hrönn Þorisdóttir


Gnýr Guðmundsson


Svanur Karl Grjetarsson


Bjarni Ingimarsson


Hannes Tryggvi Hafstein

3. Starfsleyfi og umsagnir

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 05.07. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.1. Ásbúð 9, Garðabær– dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Sigurðar Arnar Bernhöft f.h. Vín og bjór ehf., kt. 610622-1430, dags. 07.06.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Ásbúð 9, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2069120. Dreifing frá vörumiðstöð. Eftirlitsskýrsla dags. 05.07.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.2. Garðatorg 7, Garðabær– opin leiksvæði

Lögð fram umsókn Guðbjargar Brá Gísladóttur f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 08.06.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir alls 56 opin leiksvæði í Garðabæ fyrir árið 2023. Ný starfsemi./Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.3. Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður – læknastofa

Lögð fram umsókn Kristófers Sigurðssonar, f.h. Kristófer slf., kt. 660813-0550, dags. 16.06.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir geðlæknastofu að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074241. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 04.07.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 28.06.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 29.06.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.4. Norðurhella 2, Hafnarfjörður – opin leiksvæði

Lögð fram umsókn Ingibjargar Sigurðardóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt.590169-7579 , dags. 29.06.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir alls 76 opin leiksvæði í Hafnarfirði fyrir árið 2023.Ný starfsemi./Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.5. Digralesvegur 1, Kópavogur– opin leiksvæði

Lögð fram umsókn Friðriks Baldurssonar f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 08.06.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir alls 85 opin leiksvæði í Kópavogi fyrir árið 2023. Ný starfsemi/endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

SKH iTH
ms  B.I

3.6. Hamraborg 4, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Sigrúnar Skaftadóttur f.h. Króníkan 200 ehf., kt. 510523-1990, dags. 14.05.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað í Gerðasafni, Hamraborg 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2229937. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 4.7.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

3.7. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Brynjólfs Ómarssonar f.h. Ú3 ehf., kt. 520623-0430 dags. 22.06.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags. 05.07.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

3.8. Vesturvör 32b, Kópavogur – snyrtivöruframleiðsla

Lögð fram umsókn Írisar Óskar Laxdal, f.h. Angan Skincare ehf., kt. 490910-0500, dags. 21.03.2023, þar sem sótt er um starfsleyfis fyrir snyrtivöruframleiðslu að Vesturvör 32b, Kópavogi. Fasteignanr. F2308040. Eftirlitsskýrsla dags. 04.07.2023.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 12.04.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 16.06.2023.

Með vísun til ákvæða mengunar- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.9. Breiðabólstaður, Garðabær – rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.05.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Breiðabólstaðir ehf., kt. 710822-2390, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II G Íbúðir í fl.II að Breiðabólstað, Garðabæ., fnr.F223-0300

Neikvæð umsögn með vísun til þess að starfsleyfi er ekki til staðar.

3.10. Urðarhvarf 4, Kópavogi – rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 26.05.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Aegina ehf., kt. 681013-0830, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II -B Stærri gistiheimili í fl.II að Urðarhvarfi 4, Kópavogi., fnr.F2311654.

Neikvæð umsögn með vísun til þess að starfsleyfi er ekki til staðar.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

SKH

SKH

SKH

SKH

B.I.

3.11. *Bjarkarholt 17-29, Mosfellsbær – niðurrif*

Lögð fram umsókn Hauks Ægis Jóhannessonar, f.h. FA01 ehf., kt. 630421-1280, dags. 27.06.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja að Bjarkarholti 17-29, Mosfellsbæ. Fasteignanr.F2255004. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 04.07.2023

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Tóbaksleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.12. *Breiðamýri, Garðabæ – sjoppa, veitingastaður*

Lögð fram umsókn fyrir HS68 Vietfood ehf., kt. 520506-1950, dags. 27.06.2023 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Bitakot að Breiðumýri Álfanesi. Eftirlitsskýrsla dags. 29.6.2023

Leyfisveiting staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 12.07. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.13. *Engihjalli 8, Kópavogur – matvælaframleiðsla*

Lögð fram umsókn Samuel Perrella, f.h. Loki Foods ehf., kt. 610322-0340, dags. 05.03.2023, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu og pökkunar á matvælum að Engihjalla 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2247004. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 07.07.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.03.2023 ítrekað 26.06.2023. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags.11.07.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.14. *Austurgata 22, Hafnarfjörður – rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.07.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Silju Þórðardóttur, kt. 101182-5259, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II C, minna gistiheimili að Austurgötu 22, Hafnarfirði. fnr.F2357244. Eftirlitsskýrsla dags. 11.10.2022. Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags. 12.10.2022

SKH
B.I

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 19.07. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.15. Hlíðasmári 6, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Sveinbjargar Jónsdóttur f.h. Fors ehf., kt. 530608-0260, dags. 17.07.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla í netverslun frá Hlíðasmára 6. Vörugeymsla, Gorilla vöruhús. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 19.07.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.16. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Helga Ernis Helgasonar f.h. HEH ehf., kt. 460623-0140 dags. 06.07.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags. 19.07.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.17. Smáratorg 3, Kópavogi – Tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Sveinbjörns Jónssonar kt. 261254-7949 f.h. Tennur ehf. kt. 700707-1210 dags. 14.07.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Smáratorgi 3 í Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags. 19.07.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarreglugerða er skráningin staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 26.07. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.18. Garðatorg 7, Garðabær– líkamsrækt

Lögð fram umsókn Gests Gestssonar f.h. Yogavitund ehf., kt. 580521-3390, dags. 15.03.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Yogastöð að Garðatorgi 7, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanr. F222-2595. Eftirlitsskýrsla dags. 4.7.2023. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 12.04.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

3.19. Urriðavatnsdalir, Garðabær – verkstæði

Lögð fram umsókn Þorvaldar Þorsteinssonar f.h. Golfklúbburinn Oddur., kt. 611293-2599, dags. 24.01.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir vélaverkstæði fyrir golfvöll að Urriðavatnsdölum, Garðabæ. Fasteignanr. F2068979. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 24.07.23.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.20. Eyrartröð 11, Hafnarfjörður – harðfiskverslun

Lögð fram umsókn Jóhannes Egilssonar, f.h. Von harðfiskverkun ehf., kt., 490902-3170 dags. 21.07.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu á harðfiski og þurrkuðum fiskafurðum að Eyrartröð 11, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2232721. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 21.7.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.21. Hamraborg 14a, Kópavogur – kaffihús

Lögð fram umsókn Hanna Renata Zaleska, f.h. Veigar matur ehf., kt. 560123-2130, dags. 16.05.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihús með brauð & kökusölu að Hamraborg 14a, Kópavogi. Fasteignanr. F2061406. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 26.06.2023.

Bréf sent til byggingarfulltrúa dags. 22.05.2023. Bréf sent 28.06.2023. Jákvætt svar byggingarfulltrúa 21.07.23.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

3.22. Tónahvarf 6, Kópavogur – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Elvars Guðmundssonar, f.h. Isqueeze Ísland ehf., kt. 541014-0120, dags. 22.02.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu (Framleiðsla á turmeric drykkjum með tvenns konar bragði, kanil og kókos.) að Tónahvarfi 6, Kópavogi. Fasteignanr. (Iðnaðarbil lengst til hægri að neðanverðu). Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.06.2023.

Bréf sent til byggingarfulltrúa dags. 01.03.2023. Ítrekað 01.06.2023. Jákvætt svar byggingarfulltrúa 21.07.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.23. Víkurhvarf 1, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Paulina Kasztelan kt. 150188-4159, f.h. Lilja beauty, dags. 10.11.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Víkurhvarfi 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2301031. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 21.02.2023.

Bréf sent til byggingarfulltrúa dags. 16.11.2022. Ítrekað 01.06.2023. Jákvætt svar byggingarfulltrúa 25.07.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

SKG

hög

hög

B.I

3.24. Víkurhvarf 5, Kópavogur – kaffihús og kennslustaður

Lögð fram umsókn Ingibjargar Björnsdóttur f.h. Dýrheimar sf., kt. 610295-2749 dags. 24.07.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihús og kennslustað að Víkurhvarfi 5, Kópavogi. Fasteignanr.F2289854. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 24.07.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.25. Skólabraut 2, Mosfellsbær – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.07.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ungmennafélagsins Aftureldingar, kt. 460974-0119 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir dansleik þann 26.08.2023 frá kl. 23.00 – 04:00 í íþróttahúsinu Varmá, Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 1000 manns.

Jákvæð umsögn staðfest

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.26. Aratún 4, Garðabæ, niðurrif

Lögð fram umsókn Hafliða Guðjónssonar f.h. H2G Verktaka, kt.520220-0540, dags. 10.07.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi asbestklæðningar utan af bílskúr að Aratúni 4 í Garðabæ.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest og niðurrif heimilað á tímabilinu 25. ágúst til 25. október 2023.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 02.08. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.27. Grandatröð 5, Hafnarfjörður – hundaskóli

Umsókn Söru Kristínar Olrich-White, f.h. Betri Hundar ehf., kt. 410321-1490, dags. 31.03.23, þar sem sótt var um starfsleyfi fyrir hundskóla að Grandatröð 5, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2290528, tekin fyrir að nýju að beiðni umsækjanda. Á afgreiðslufundi 28.06.2023 var starfsleyfi samþykkt til 1 árs meðan unnið væri að fullnustu á kröfum byggingafulltrúa.

SKH
B.!

Jákvætt svar byggingafulltrúa um að húsnæðið uppfyllti kröfur til starfseminnar barst dags.04.07.2023. með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfis frá dags. 28.06.2023 breytt og það samþykkt til 12 ára.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.28. Lækjargata 2, Hafnarfjörður – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Hörpu Þórsdóttur f.h. 220 Hárstofa ehf., kt. 510315-0650 þar sem sótt er um skráningu á rekstri hársnyrtistofu að Lækjargötu 2 í Hafnarfirði. Fasteignanr. 2520378.

Ný skráning. Eftirlitsskýrsla dags. 27.7.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 31.07.2023. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 1.8.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

3.29. Reykjavíkurvegur 74, Hafnarfjörður – sjúkraþjálfun

Lögð fram umsókn Unu Birnu Guðjónsdóttur, f.h. Seigla sjúkraþjálfun, kt. 410623-1880, dags. 21.06.23, þar sem sótt er um skráningu á rekstri fyrir sjúkraþjálfunarstöð að Reykjavíkurvegi 74, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078689. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.29.06.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.06.2023. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 1.8.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.30. Hlégarður, Háholt 2, Mosfellsbæ.

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.08.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ásgeirs Jónssonar, kt.120183-4009 þar sem sótt er um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi fyrir tónleika sem haldnir verða 25.08.2023 frá kl.16:00 til kl.01:30 þann 26.08.2023 í tilefni af bæjarhátíðinni í Túninu heima. Áætlaður gestafjöldi er 400 gestir.

Jákvæð umsögn staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 09.08. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

[Handwritten signatures and initials]
B.I.

3.31. *Bæjarholt 9, Hafnarfjörður – dreifing matvæla EAG Import ehf.*

Lögð fram umsókn Eyrúnar Öglu Ívarsdóttur f.h. EAG Import ehf., kt. 490623-0780, dags. 01.08.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Bæjarholti 9, Hafnarfirði. Nafnabreyting. Eftirlitsskýrsla dags. 02.03.2023

Með vísan til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.32. *Skólabraut 1 – Seltjarnarnes – Leikskóli*

Lögð fram umsókn Baldurs Pálssonar f.h. Seltjarnarnesbæjar kt. 560269-2429, dags. 27.07.2023, þar sem sótt er um nýtt starfsleyfi fyrir leikskóla að Skólabraut 1, Seltjarnarnesi. Um er að ræða bráðabirgðahúsnæði sem rúmar Stjörnubrekku, þriggja deilda starfsstöð Leikskóla Seltjarnarness með móttökueldhúsi á sérlóð við Mýrarhúsaskóla.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.07.2023.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags: 02.08.2023. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags.02.08.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.33. *Dalaping 28, Kópavogur – rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.06.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Norton ehf., kt. 690517-0860, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II G Íbúðir í fl.II að Dalapingi 28, Kópavogi. fnr.F2329253

Heilbrigðiseftirlitið veitir neikvæð umsögn þar sem ekki er starfsleyfi á viðkomandi stað.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 16.08. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.34. *Langalína 8, Garðabær– leikskóli*

Lögð fram umsókn Guðbjargar Lindu Udengard f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 20.06.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskóla að Löngulínu 8, Garðabæ. Fasteignanr. F2301331. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.06.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.07.2023. Jákvætt svar byggingafulltrúa 24.07.2023

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaireglugerða er starfsleyfi fyrir leikskóla með allt að 30 börn samþykkt til 12 ára.

SKN
WAB
B.I.

3.35. Furugrund 3A – Kópavogur – Leikskóli

Lögð fram umsókn Evu Sifjar Jóhannsdóttur f.h. Kópavogsbæjar kt.700169- 3759, dags. 10.08.2022, þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi fyrir leikskólann í Furugrund 3A, Kópavogi. Um er að ræða að fjölga rýmum og stækka skólann. Eftirlitsskýrsla dags. 28.06.2023.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags: 14.09.2022. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 15.09.2022.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags: 12.04.2023. Bréf sent 28.06.2023. Byggingafulltrúi ekki búinn að taka út bygginguna svar dags.18.07.2023. Jákvætt svar með bréfi byggingafulltrúa dags. 9.8.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.36. Ásgarður, Garðabæ – tækifærisleyfi tímabundið áfengisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.07.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ungmennafélagsins Stjörnunnar, kt. 611175-0199 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi í tilefni af októberfest þann 24.08.2023-26.08.2023 frá kl. 17.00 – 01:00 í Stjörnuheimilinu við Ásgarð. Áætlaður gestafjöldi 350 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.37. Hlégarður, Háholt 2, Mosfellsbæ. – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.08.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ásgeirs Jónssonar, kt.120183-4009 þar sem sótt er um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi fyrir tónleika sem haldnir verða 25.08.2023 frá kl.16:00 til kl.01:30 þann 26.08.2023 í tilefni af bæjarhátíðinni í Túninu heima. Áætlaður gestafjöldi er 500 gestir. Málið var afgreitt á afgreiðslufundi 2.8.2023 með umsögn um 400 gesti en breytt umsagnarbeiðni barst 4.8.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.38. Dalvegur 18, Kópavogi – Bifreiða- og vélaverkstæði

Lögð fram skráning Páls Gunnlaugssonar kt.130380-4929 f.h. Bílrúðumeistarans slf. kt.640211-0240 dags. 02.08.2023 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Dalvegi 18 í Kópavogi. Fasteignanr. F223515. Endurnýjun . Eftirlitsskýrsla 14.08.2023, skoðað með hliðsjón af ákvæðum mengunarreglugerða.

Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

SKH
B.I

Annað

3.39. *Thorsplan, Hafnarfjörður - Vegan festival - veitingasala*

Lögð fram umsókn Lowana Veal f.h. Samtaka grækera kt. 600613-0300 dags. 15.08.2023, þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir veitingasölu (-afhendingu) á Vegan festival við Thorsplan, Strandgötu, Hafnarfirði, sunnudag 20. ágúst 2023.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er tímabundið starfsleyfi samþykkt.

3.40. *Varmá, Mosfellsbær - í Túninu heima – veitingasala*

Lögð fram umsókn Jóhönnu Logadóttur, f.h. Ísfugl ehf., kt. 671087-1439, dags. 08.08.2023, þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir dreifingu matvæla á bæjarhátíðinni í Túninu heima, veitingatjald verður staðsett við Varmá, Mosfellsbæ, laugardag 26. ágúst 2023.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er tímabundið starfsleyfi samþykkt.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 23.08. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísun til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.41. *Suðurhraun 2, Garðabær– efnavara/bjórgerðarefni*

Lögð fram umsókn Bernhard Svendsen f.h. Ensím ehf., kt. 601294-2229, dags. 30.05.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir, átöppun og þökkun efnasambanda ásamt dreifingu á vín og bjórgerðaeftum að Suðurhrauni 2, Garðabæ. Fasteignanr. F2232216 (020105). Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 23.08.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarna og matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.42. *Þórsgrund 2, Garðabær– grunnskóli*

Lögð fram umsókn Elísu Ósk Línudóttur f.h. Alþjóðaskólinn á Íslandi., kt. 510407-0160, dags. 15.06.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir grunnskóla án mótuneytis fyrir nemendur í 1.-10. bekk að Þórsgrund 2, Garðabæ. Fasteignanr. F2511510. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.08.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.06.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 26.06.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.43. *Háholt 2, Mosfellsbær – samkomuhús*

Lögð fram umsókn Arnars Jónssonar f.h. Hlégarður kt. 710723-0870, dags. 22.08.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomuhúsið Hlégarð að Háholti 2, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F125634. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 30.05.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026
3.1

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitin og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.44. *Garðatorg 5a, Garðabæ – tækifærisleyfi tímabundið áfengisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.08.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Garðabæjar, kt. 570169-6109 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi í tilefni af Listahátíðin Rökkvan þann 29.09.2023-30.09.2023 frá kl. 17.00 – 23:00 í göngugötu að Garðatorgi 5a Garðabæ. Áætlaður gestafjöldi 1000 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.45. *Strandgata, íþróttahús – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.08.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Perlu Eyfjörð Arnardóttur kt. 310105-3090, f.h. Nemendafélags Flensborgarskóla, þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna samkomu þann 07.09.2023 frá kl. 22.00 – 01:00 í Íþróttahúsinu Strandgötu, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 400 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.46. *Hlégarður, Háholt 2, Mosfellsbæ – rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.08.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hlégarðs samkomuhús kt. 710723-0870 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingaleyfi – B skemmtistaður – flokkur III. í Hlégarði, Þverholti 2, Mosfellsbæ. F2085083. Hámarks gestafjöldi 300 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.47. *Hlégarður, Háholt 2, Mosfellsbæ – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.08.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ungmennafélagsins Aftureldingar kt. 460974-0119 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 31.08.2023-01.09.2023 frá kl. 18.00 – 01:00 í Hlégarði, Háholt 2, Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 160 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.48. *Stapahraun 8, Hafnarfjörður – málmsmiðja*

Lögð fram umsókn Heimis Haukssonar, f.h. Stál og suða ehf., kt., 440398-2009 dags. 27.07.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir málmsmiðju að Stapahrauni 8, fasteignanr. F2079299, Stapahrauni 10, fasteignanr. 2254321 og Flatahrauni 29, fasteignanr. F2074794, F2074795,

[Handwritten signatures and initials]

F2234043, F2234044, F2234045, Hafnarfirði. Endurnýjun/breyting. Eftirlitsskýrsla dags.16.08.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.


3.49. Tónahvarf 3, Kópavogur – skiltagerð

Lögð fram umsókn Inga Guðmundssonar, f.h. Logoflex ehf., kt. 601082-0209, dags. 29.03.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir prentun og skiltagerð að Tónahvarfi 3, Kópavogi. Fasteignanr.F2329397, F2361506,F2511402. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 24.04.2023

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 03.04.2023. Ítrekað 27.06.2023. Jákvætt svar dags. 17.08.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026


B.I. 